



Velferðarnefnd
Austurstræti 8-12
150 Reykjavík

Reykjavík, 8. apríl 2021

Efni: Umsögn Öryrkjabandalags Íslands (ÖBÍ) um tillögu til þingsályktunar um samræmda niðurgreiðslu hjálpartækja fyrir heyrnar- og sjónskert börn, þingskjal 429-346.mál.

ÖBÍ fagnar tillögunni og styður það eindregið að hún verði samþykkt.

Barnasáttmáli Sameinuðu þjóðanna segir í 1. mgr. 23.gr., “aðildarríkin viðurkenna að andlega eða líkamlega fatlað barn skuli njóta fulls og sómasamlegs lífs, við aðstæður sem tryggja virðingu þessu og stuðla að sjálfsbjörg þess og virkri þátttöku í samfélaginu”.

Samningur Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks kveður á um að “fötluð börn fái notið fullra mannréttinda og grundvallarfrelsis til jafns við önnur börn” (7. gr.) og að aðildarríkin skuli “...greiða fyrir aðgangi fatlaðs fólks að hjálpartækjum í háum gæðaflokki og annarri persónulegri þjónustu, meðal annars með því að hafa þau tiltæk á viðráðanlegu verði” (20. gr.).


ÖBÍ leggur til að börn sem eru með sjónskerðingu, sama á hvaða stigi hún er fái sjóngler að fullu niðurgreidd enda um mikilvægt hjálpartæki um að ræða. Efnahagur foreldra á ekki að koma í veg fyrir að barn fái læknismeðferð eða nauðsynleg hjálpartæki sem það þarf á að halda til að taka fullan þátt í samfélaginu.

Ekkert um okkur án okkar!

Þuríður Harpa Sigurðardóttir
ÖBÍ

formaður

Þórdís Viborg
verkefnastjóri hjá ÖBÍ



Stefán Vilbergsson
verkefnastjóri hjá ÖBÍ